

✉ Tillaga til þingsályktunar um utanvegaakstur og verndun lands á hálendi Íslands, 59. mál.

Búið til	6.4.2020 08:33:16
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	18.2.2020 16:49:37
Tilheyrir	📁 2020020007 - Tillaga til þingsályktunar um utanvegaakstur og verndun lands á hálendi Íslands, 59. mál

Efni

Tillaga til þingsályktunar um utanvegaakstur og verndun lands á hálendi Íslands, 59. mál.

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	18.2.2020 16:49:37	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-1-3 Umsagnir um þingsályktunartillögur		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	hildure@althingi.is, nefndasvid@althingi.is

Innihald

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts, dags. 3. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um utanvegaakstur og verndun lands á hálendi Íslands, 59. mál. Beðist er velvirðingar á því hvað dregist hefur að svara erindinu.

Náttúrufræðistofnun Íslands styður að framangreind tillaga til þingsályktunar nái fram að ganga. Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni virðast náttúruspjöll sífellt vera að aukast vegna utanvegaaksturs auk þess sem vernda þarf sérstöðu hálendisins sem ekki síst felst í óbyggðum víðernum. Fyrir utan það að koma í veg fyrir náttúruspjöll þarf að gæta sérstaklega að því að vernda þann möguleika að geta notið einveru og náttúrunnar í hálendi Íslands án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja sbr. skilgreiningu á óbyggðum víðernum í 5. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson

Forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500

Email: trausti@ni.is



From: Hildur Edwald <hildure@althingi.is>
To: Umhverfisstofnun <ust@ust.is>, Umhverfisstofnun <sigruna@ust.is>, Náttúrufræðistofnun Íslands <jgo@ni.is>, Náttúrufræðistofnun Íslands <gg@ni.is>, Þjóðgarðurinn Vatnajökull <magnus@vjp.is>, Vatnajökulsþjóðgarður <info@vjp.is>
Date: 03/02/2020 08:46
Subject: Frá nefndasviði Alþingis - 59. mál til umsagnar

3. febrúar 2020

Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um utanvegaakstur og verndun lands á hálendi Íslands, 59. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 13. febrúar nk. á netfangið nefnadasvid@althingi.is (mailto:nefnadasvid@althingi.is)

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <https://www.althingi.is/altext/150/s/0059.html> (<https://www.althingi.is/altext/150/s/0059.html>)

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni www.althingi.is/vefur/nefnadaumsagnir.html (<http://www.althingi.is/vefur/nefnadaumsagnir.html>)

Kveðja,

Hildur Edwald

skjalaritari

skrifstofu Alþingis, nefndasviði

Austurstræti 8-10, 101 Reykjavík

sími 563-0422

www.althingi.is (<http://www.althingi.is/>)

Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda. [Fyrirvari/Disclaimer](https://www.althingi.is/fyrirvari) (<https://www.althingi.is/fyrirvari>)

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500

Email: trausti@ni.is



Viðhengi

02140540.gif (2 KB)